

74.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands

74.fundur stjórnar KRA var haldinn á skrifstofu sambandsins 10.janúar 2017 og hófst kl. 16.00

Mætt voru Borghildur, Róbert, Ása og Gry. Rósa og Alex boðuðu forföll. María sat fundinn.

Borghildur setti fundinn og fagnaði þeirri viðurkenningu sem kraftlyftingamenn hafa hlotið fyrir árangur á árinu 2016. Júlían Jóhannsson var sjöundi í vali á íþróttamann ársins og auk þess kraftlyftingakarl Reykjavíkur annað árið í röð, Dagfinnur Ari Normann kraftlyftingakarl Garðabæjar annað árið í röð og ekki útilokað að fleiri hljóti viðurkenningar á næstunni.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Kraftlyftingagæing 2017
Ákveðið var að boða til þings sunnudaginn 26.febrúar kl. 13.00.
María pantar sal, athugar með fundarstjóra, sendir út 1.fundarboð, útbýr kjörbréf og útvegar viðurkenningargripi fyrir félög ársins.
Í uppstillinganefnd voru skipuð María Guðsteinsdóttir, Róbert Kjaran og Rósa Birgisdóttir.
Borghildur ræðir við Alex um frágangi á reikningum sambandsins.
Kjörbréf verða send út miðað við félagatal 1.janúar 2017. **Gry** athugar með skráningu hjá KR. Stjórn ákvað að miða við dagsetningu nýskráninga félaga KR inn í kerfið, en ekki skráningu í hóp iðkenda, ef um einfalda handvömm eða misskilningi hafi verið að ræða.
3. Úthlutun úr afrekssjóði.
Afrekssjóður úthlutar til KRA samtals 6.600.000 kr í fyrri úthlutun 2017 og fagnar stjórnin því. Hluti af upphæðinni er vegna verkefna Júlíans, Viktors og Fanneyjar. **Borghildur** tilkynnir þau um það mál.
Nauðsynlegt er að setja upp sérstakt bókhald um afreksstyrkina og finna skýra og einfalda leið til að halda utanum þau mál. **Ása** ræðir við Alex um málið.
4. Afreksmál
Formaður boðar stjórn til sérstaks vinnufundar um afreksmál mánudaginn 16.janúar nk kl. 16.00. Þar verður gengið frá endurskoðun á afreksstefnu, ákveðið um fagteymi 2017 og forgangsraðað við notkun á afreksstyrk.
5. Landsliðsmál.
Gry upplýsti að búið er að undirrita samninga við nánast alla landsliðsmenn. Búið er að skrá keppendur á EM í klassískum kraftlyftingum í Danmörku.
Stjórn samþykkti tillögu landsliðsnefndar að lágmarkum í klassískri bekkpressu. Stjórn samþykkti tillögu landsliðsnefndar að samningi fyrir þjálfara og aðstoðarmenn – og verður hún send þjálfararáð til umsagnar. Stjórn samþykkti tillögu um að árangur á lágmarksmóti 4.mars verði

74.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands

látinn gilda til þátttöku á EM unglunga í maí. Stjórn samþykkti að Matthildur Óskarsdóttir megi nota mótin í mars til að afla sér keppnisréttar í landsliðsverkefnum.

6. RIG

Gry upplýsti um gang mála í undirbúningi undir RIG 2017.

Flest er á áætlun nema atriði KRA í lokahófi. **Borghildur** athugar málið. Ákveðið var að hafa veitingar með svipuðum hætti og í fyrra. **Ása** sér um málið.

Ákveðið var að athuga með streaming beint frá mótinu. **Róbert** aðstoðar með málið.

Ákveðið að opna fyrir sölubása á mótsstað ef söluaðilar leggi fram styrk til sambandsins í einhverju formi. **Gry** falið að útfæra það.

7. Önnur mál

Nýtt kraftlyftingafélag Kraftlyftingafélag Reykjavíkur hefur fengið aðild að KRA. Stjórnin fagnar tilkomu nýs félags og óskar þeim velgengni í starfi.

Engar frekari athugasemdir hafa borist vegna leiðréttingar á úrslitum á IM í klassískum kraftlyftingum. **María** gengur frá þeim.

Stjórn hefur borist ábendingu um greinarkorn í Fréttatímanum 7.januar sl þar sem vitnað er í reglugerð sambandsins. Ákveðið var að kanna til hlítar hvort fullyrðing sem þar kom fram er rétt og að gera samskipti fulltrúa sambandsins við fjölmiðla að umræðuefni á þinginu sem framundan er.

Fundi slitið kl. 18.30

Fundarritari Gry Ek